

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 123/1989. **Gjaldheimtan í Reykjavík**

gegn

Trausta Jóhannssyni

Kærumál. Gjaldprotalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili kærði mál þetta til Hæstaréttar 20. mars sl. og barst kæran dómnum 3. þ.m. Kæruheimild er 21. gr., 1. mgr. 2. tl., laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka bú varnaraðila til gjaldprotaskipta ásamt búi Stáltækni sf. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að 13. gr., 1. tl. c, í gjaldprotalögum, nr. 6/1978, sýnist miða að því að koma í veg fyrir, að skiptaráðendum sé íþyngt með skiptabeiðnum byggðum á marklausum yfirlýsingum. Skiptaráðendum sé hins vegar ekki bannað að taka mál fyrir, þótt liðinn sé sá þriggja mánaða frestur sem nefndur er í ákvæðinu. Yrði réttur varnaraðila í engu skertur, þó að hann yrði kvaddur fyrir skiptarétt og spurður þar um fjárhag sinn á nýjan leik. Í þessu máli hafi skiptaráðanda verið skylt að taka málið fyrir ásamt beiðni um gjaldprotaskipti á búi Stáltækni sf., en beiðnin hafi borist innan tiltekins frests að því er varði það félag.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði lýsti varnaraðili yfir í fógetarétti 6. júlí 1988, að hann væri eignalaus. Beiðni um gjaldprotaskipti á búi hans barst skiptarétti 13. desember. Var þá liðinn sá þriggja mánaða frestur, sem fyrr er um getið, ef miðað er við 6. júlí, en vitnað var í beiðninni til fógetaréttar 7. október, sem beindist að Stáltækni sf. og manni þeim, sem ásamt varnaraðila er eigandi þess félags. Yfirlýsing varnaraðila 6. júlí er ekki fullnægjandi grundvöllur gjaldprotaskipta á búi hans og fógetagerðin 7. október ekki heldur. Þar sem ekki er á öðru að byggja um fjárhag

hans ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, enda var ekki skylt að kalla varnaraðila fyrir skiptarétt vegna þeirrar beiðni um gjaldprotaskipti, sem barst 13. desember sl.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 14. mars 1989.

I

Með bréfi, dagsettu 8.12.1988, fór Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að bú Trausta Jóhannssonar, kt. 020736-3569, Borgartúni 19, Reykjavík, yrði tekið til gjaldprotaskipta.

Beiðni þessi studdist við árangurslausa aðfarargerð sem hófst hjá Stáltækni sf., kt. 530575-0399, 6. júlí 1988. Aðfarargerð þessari var fram haldið 14.9.1988 og lokið 7.10.1988.

Af hálfu Trausta Jóhannssonar hefur ekki verið sótt þing vegna framkominna gjaldprotabeiðna.

II.

Sem fyrr greinir styður Gjaldheimtan í Reykjavík umrædda gjaldprotabeiðni við árangurslausa aðfarargerð er fram fór vegna krafna hennar og hófst hjá Stáltækni sf. 6.7.1988 og var fram haldið 14.9.1988 og lokið 7.10.1988. Skráðir eigendur Stáltækni sf. eru þeir Trausti Jóhannsson og Þorlákur Jóhannsson, kt. 161243-4939.

Lögtakið hófst 14.9.1988 hjá Stáltækni sf. Fyrir sameignarfélagið mætti Trausti Jóhannsson. Í endurriti gerðar þessarar, er fylgdi umræddri beiðni, segir meðal annars: „Mættur er í réttinum Trausti Jóhannsson, nnr. 8930-8011, Borgartúni 19, Reykjavík, annar eigandi Stáltækni sf. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt fyrir gerðarþola. Þá var skorað á Trausta að benda á eignir firmans til lögtaks og tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Trausti segir að firmað sé hætt starfsemi og eigi ekki eignir er tryggt gætu kröfuupphæð gerðarbeiðanda. Þá var skorað á Trausta að benda á eigin eignir til tryggingar kröfunni. Trausti kveðst vera eignalaus. Samkvæmt framansögðu er gerðin án árangurs að svo komnu.“

Hinn 14.9.1988 var málið tekið fyrir að nýju í fógetarétti. Í því lögtaki er bókað að Þorlákur Jóhannsson, annar eigandi Stáltækni sf., hafi verið boðaður með bréfi sem lagt var fram í réttinum. Ekki var mætt í réttinum af hálfu Þorláks.

Hinn 7.10.1988 var málið tekið fyrir í þriðja sinni í fúgetarétti. Þorlákur Jóhannsson mætti í réttinum og lýsti hann yfir að sameignarfélagið og hann sjálfur væru eignalaus.

Skiptaráðandanum í Reykjavík barst gjaldþrotabeiðni þessi 13.12.1988. Var hún endursend gjaldþrotabeiðanda með bréfi 15. febrúar 1989 þar sem hún þótti ekki fullnægja skilyrðum c-liðar 1. töluliðar 13. gr. laga nr. 6/1978. Þessu bréfi svaraði Gjaldheimtan í Reykjavík með bréfi, dagsettu 25. febrúar 1989. Í bréfinu segir meðal annars:

„Af hálfu Gjaldheimtunnar er tekið fram að hér er fyrst og fremst um að ræða beiðni um gjaldþrotaskipti hjá sameignarfélagi, en vegna ákvæða 3. töluliðar 13. gr. laga nr. 6/1978 hlýtur beiðni um skipti á búum eigenda þess að verða samferða nema svo standi á að skipti á búi séu þegar áður til meðferðar í skiptarétti. Lögd er áhersla á að til grundvallar skiptabeiðni hjá félaginu og öðrum eiganda þess, Trausta Jóhannssyni, liggur sama lögtakið, sem byrjað var 6.7. 1988 og lokið 7.10. 1988, eins og áður sagði. Við þá dagsetningu telur Gjaldheimtan rétt að miða eins og mál þetta er vaxið og má í því sambandi minna á 2. gr. lögtakslaga, nr. 29/1885, þótt ekki sé hægt að tala þar um beina lögjöfnun.“

Með vísan til þessa bréfs ítrekaði Gjaldheimtan í Reykjavík beiðni sína um töku umrædds bús til gjaldþrotaskipta.

III.

Ekki er haldið uppi vörnum í máli þessu af hálfu varnaraðila og ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að fella úrskurð á málskröfur sóknaraðila samkvæmt fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Í c lið 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978 er svo fyrir mælt að bú skuldara megi taka til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu lánardrottins, hafi verið gerð árangurslaus aðför hjá skuldaranum á þremur síðustu mánuðum fyrir móttöku skiptaráðanda á beiðni þar um.

Í því máli, sem hér um ræðir, var gert lögtak hjá Stáltækni sf. 6. júlí 1988. Fyrir Stáltækni sf. mætti Trausti Jóhannsson og lýsti hann yfir eignaleysi sínu og félagsins.

Er málið var tekið fyrir að nýju í fúgetarétti 14.9.1988, var ekki mætt í réttinum af hálfu gerðarpola og var gerðinni frestað. Hinn 7.10.1988 var málið tekið fyrir í þriðja sinni og mætti þá Þorlákur Jóhannsson. Í því lögtaki lýsti hann yfir eignaleysi sínu og félagsins.

Beiðni um töku bús Trausta Jóhannssonar til gjaldþrotaskipta barst skiptaráðandanum í Reykjavík hinn 13. desember 1988. Voru þá liðnir rúmir fimm mánuðir frá því að Trausti Jóhannsson lýsti yfir eignaleysi sínu í aðfarargerð, sem beint var að Stáltækni sf. 6. júlí 1988.

Samkvæmt framansögðu verður að hafna fram kominni beiðni Gjald-

heimtunnar í Reykjavík um að bú Trausta Jóhannssonar, kt. 020736-3569, Borgartúni 19, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfur hafa ekki verið hafðar uppi um málskostnað vegna þess málefnis.

Steinunn Guðbjartsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að bú Trausta Jóhannssonar, kt. 020736-3569, Borgartúni 19, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.
